



Síldarvinnslan hf

# Uppgjör 1. ársfjórðungs 2022

Spurningar sendist á [fjarfestir@svn.is](mailto:fjarfestir@svn.is)



# Helsta úr starfseminni í ársfjórðungnum

- Fyrsta stóra loðnuvertíðin í mörg ár.
- Landvinnslan tók á móti 146 þúsund tonnum af loðnu.
- Framleidd tæp 37 þúsund tonn af mjöli og lýsi í fjórðungnum og 10 þúsund tonn af frosnum afurðum.
- Uppsjávarskipin veiddu rúm 75 þúsund tonn.
- Frystitogarinn Blængur fór í Barentshafið og fiskaði um 1.050 tonn og voru verðmæti um 600 milljónir.
- Vestmannaey VE hélt á ný til veiða í byrjun mars eftir 4 mánaða stopp. Vel gekk hjá báðum skipum Bergs-Hugins að veiða á vertíðinni.
- Stækkun hrognavinnslunnar í Neskaupstað lauk.



# Lykiltölur



# Lykiltölur 1F 2022



**Rekstrartekjur (m\$) 100,6**  
1F 2021: 52,4



**EBITDA (m\$) 32,5**  
1F 2021: 19,9



**EBITDA (%) 32,3%**  
1F 2021: 38,0%



**Hagnaður (m\$) 27,5**  
1F 2021: 21,1



**Veiði (tonn) 80.456**  
1F 2021: 28.454



**Afurðir (tonn) 50.474**  
1F 2021: 18.022



**Heildareignir (m\$) 672,0**  
31.12.2021: 634,2



**Eiginfjárhluftall 67,1%**  
31.12.2021: 66,6%



**Handbært fé (m\$) 74,8**  
31.12.2021: 79,9



**Veltufé frá rekstri (m\$) 23,6**  
31.12.2021: 19,2






**NIBD/EBITDA 0,45**  
1F 2021: 0,98




**Meðalgengi \$ 128,29**  
1F 2021: 128,05

# Uppsjávarafli 1F




# Bolfiskafli 1F


## Veiði bolfiskskipa



## Veiði eftir tegundum




## Staða aflaheimilda 31.03.2022




# Landvinnsla 1F


## Móttaka fiskmjölsverksmiðja




## Móttaka uppsjávarfrystingar



## Móttaka bolfisks



## Framleiðsla afurða




# Rekstur






# Rekstur 1F

<b>Rekstrarreikningur</b> (þús. USD)	<b>1F 2022</b>	<b>1F 2021</b>	<b>Breyting</b>
<b>Rekstrartekjur</b>			
Rekstrartekjur	100.567	52.377	48.190
	<u>100.567</u>	<u>52.377</u>	<u>48.190</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Kostnaðarverð seldra vara	47.258	18.784	28.474
Laun, aflahlutir og annar starfsmannakostnaður	18.506	12.399	6.107
Annar rekstrarkostnaður	2.322	1.324	998
	<u>68.086</u>	<u>32.507</u>	<u>35.579</u>
<b>EBITDA</b>	<u>32.481</u>	<u>19.871</u>	<u>12.610</u>
Afskriftir	3.061	2.542	519
<b>Rekstrarhagnaður</b>	<u>29.420</u>	<u>17.329</u>	<u>12.091</u>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>	4.278	3.841	437
Áhrif af rekstri hlutdeildarféлага	1.064	4.081	(3.017)
Hagnaður af sölu hlutdeildarfélags	183		183
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<u>34.945</u>	<u>25.250</u>	<u>9.695</u>
Tekjuskattur	(7.458)	(4.186)	(3.272)
<b>Hagnaður tímabils</b>	<u>27.487</u>	<u>21.064</u>	<u>6.423</u>



# Hagnaðarbrú 1F 2021-2022



# Starfspáttayfirlit




# Starfspáttayfirlit

01.01.2022 – 31.03.2022


(þús. USD)

	Útgerð	Landvinnsla	Annað	Eigin afli	Jöfnunarfærslur	Samtals
Seldar vörur	37.323	84.194	5.559	(23.418)	(3.090)	100.567
Kostnaðarverð seldra vara	8.982	59.907	4.877	(23.418)	(3.090)	47.258
Laun	12.979	4.510	1.017			18.506
Annar rekstrarkostnaður	363	1.299	660			2.322
<b>Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir</b>	<b>14.998</b>	<b>18.479</b>	<b>(996)</b>			<b>32.481</b>
Afskriftir	(2.062)	(917)	(81)			(3.061)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)						4.278
Áhrif af rekstri hlutdeildarféлага						1.064
Hagnaður af sölu hlutdeildarfélags						183
Tekjuskattur						(7.458)
<b>Hagnaður tímabils</b>						<b>27.487</b>

# EBITDA brú 1F 2021-2022



# Efnahagur



# Eignir 31. mars 2022

<b>Eignir</b> (þús. USD)	<b>31.03.2022</b>	<b>31.12.2021</b>	<b>Breyting</b>
<b>Fastafjármunir</b>			
<b>Óefnislegar eignir</b>			
Fiskveiðiheimildir	272.678	271.350	1.328
	<u>272.678</u>	<u>271.350</u>	<u>1.328</u>
<b>Rekstrarfjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir	169.380	163.261	6.119
Fastafjármunir í smíðum	20.321	19.038	1.283
Leiguréttindi	1.243	1.090	153
	<u>190.944</u>	<u>183.389</u>	<u>7.555</u>
<b>Fjáreignir</b>			
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum	15.509	14.812	697
Eignarhlutar í öðrum félögum	2.971	2.801	170
Skuldabréfaeign	96	94	2
	<u>18.576</u>	<u>17.707</u>	<u>869</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<u>482.198</u>	<u>472.446</u>	<u>9.752</u>

<b>Eignir</b> (þús. USD)	<b>31.03.2022</b>	<b>31.12.2021</b>	<b>Breyting</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir	54.561	32.388	22.173
Viðskiptakröfur	49.776	43.467	6.309
Aðrar skammtímakröfur	9.156	4.431	4.725
Handbært fé	74.775	79.856	(5.081)
	<u>188.268</u>	<u>160.142</u>	<u>28.126</u>
Fastafjármunir sem haldið er til sölu	1.568	1.568	
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<u>189.836</u>	<u>161.710</u>	<u>28.126</u>
<b>Eignir samtals</b>	<u>672.034</u>	<u>634.156</u>	<u>37.878</u>

# Eigið fé og skuldir 31. mars 2022

## Eigið fé og skuldir

(þús. USD)

	31.03.2022	31.12.2021	Breyting
<b>Eigið fé</b>	450.600	422.521	28.079
<b>Skuldir</b>			
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar:</b>			
Skuldir við lánastofnanir	108.987	113.654	(4.667)
Tekjuskattsskuldbinding	53.555	53.275	280
	162.543	166.930	(4.387)
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Skuldir við lánastofnanir	1.242	1.218	24
Næsta árs afborganir af langtímal.	8.326	8.383	(57)
Reiknaðir skattar ársins	7.931	11.150	(3.219)
Viðskiptaskuldir	15.203	12.453	2.750
Aðrar skammtímaskuldir	18.688	9.048	9.640
Skuldir við tengd félög	7.501	2.454	5.047
	58.891	44.704	14.187
<b>Skuldir samtals</b>	221.434	211.634	9.800
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	672.034	634.156	37.878






# Sjóðstreymi



# Sjóðstreymi 1F 2022



Staða og horfur




# Afkomuspá 2022

## EBITDA er áætluð á bilinu USD 86-96 m. á árinu 2022

EBITDA (USD m.)

USD 86-96 m.



### Forsendur:

- Úthlutun á makrílkvóta hefur ekki farið fram fyrir árið 2022 en gert er ráð fyrir að úthlutaður kvóti Íslendinga verði 131 þúsund tonn og aflahlutdeild Síldarvinnslunnar er 12,6%.
- Reiknum með sterkum mjöl og lýsismörkuðum.
- Að krónan styrkist ekki umfram 10% á seinni hluta ársins
- Hækkun á orkukostnaði verði ekki meiri en 10%.

### Óvissupættir

- Ef þeir fiskistofnar sem áætlunin byggir á breyta göngumynstri sínu mv. sl. ár
- Að jákvæðar markaðsaðstæður haldi.
- Ekki er reiknað með meiri loðnuveiði á þessu ári.
- Hvort nýjar viðskiptahindranir bætist við á markaðssvæðum Síldarvinnslunnar.
- Hækkunir á aðföngum fari ekki úr hófi.

# Úkraína

- Um 10-12% af veltu Síldarvinnslunnar.
- Sölu hafa haldið áfram inn á Úkraínu þrátt fyrir stríðsátök í landinu og hefur myndast ákveðið jafnvægi á markaðnum.
- Verið að senda vörur í hverri viku og eru afurðir greiddar við afhendingu.
- Ljóst að þetta gæti þó breyst hratt ef ástandið versnar.
- Samið hefur verið um uppgjör á útistandandi viðskiptakröfu í Úkraínu. Samið var um niðurfærslu á hluta kröfunnar og greiðslu eftirstöðva.
- Niðurfærsla um ármót nam 2,5 millj. USD og í þessu uppgjöri bætast við 800 þús. USD. Heildaráhrif stríðsins eru því 3,3m USD í töpuðum kröfum og eru áhrifin að fullu komin inn í reikninga félagsins.



# Uppsjávarmarkaðir

## Makríll

- Búið að selja alla framleiðslu síðasta árs.
- Útlitið er gott og eftirspurn á öllum helstu mörkuðum.

## Síld

- Búið að selja stóran hluta af framleiðslu síðasta árs.
- Markaðir í jafnvægi og útlitið gott fyrir haustið.

## Loðna Austur-Evrópa

- Mikil eftirspurn og er búið að handsala sölur á alla framleiðsluna en þó á eftir að afhenda töluverðan hluta.
- Verð hafa lækkað frá 2021.

## Loðna í Asíu

- Búið að selja framleiðslu vertíðarinnar og er verið að afhenda afurðir. Verð eru góð þrátt fyrir að þau lækki aðeins á milli ára.

## Loðnuhrogn

- Minna var framleitt en reiknað var með á vertíðinni og fyrir vikið eru verð sterk.



# Markaðir

## Mjöl og lýsi

- Mikill eftirspurn og verð hafa hækkað mikið frá áramótum. Verð eru í sögulegu hámarki.
- Framleiðsla úr loðnu minni en áætlanir gerðu ráð fyrir.

## Bolfiskafurðir

- Verð á sjófrystum afurðum er í hæstu hæðum. Þorsk-, ýsu- og ufsaafurðir eru í sögulegu hámarki.
- Grálúða hefur hækkað hratt síðustu mánuði. Markaðurinn viðkvæmur þar sem væntingar eru um meiri framleiðslu næstu mánuði.
- Afurðir í landvinnslu hafa hækkað og þá sérstaklega frosnar þorsk- og ufsaafurðir. Landfrystar afurðir hafa þó ekki hækkað í sama takti og sjófrystar.



# Loðnuvertíðin


- Kvóti Íslendinga var 686 þúsund tonn. Sá stærsti síðan 2003. Það tókst að veiða 521 þúsund tonn af honum eða 76%.
- Náttúröflin minntu á sig á vertíðinni. Veður voru erfið.
- Göngumynstrið á fiskinum var með öðrum hætti, gekk mun dreifðari upp að landinu en oft áður. Erfitt að eiga við loðnuna
- Þrátt fyrir minni veiði voru verðmætin góð, þar sem afurðarverð voru hærri en reiknað var með fyrirfram. Verð á loðnuafurðum ræðst mikið af framboði og eru verð fljót að gefa eftir ef mikið er framleitt.





# Samfélagsmál

- Samfélagsskýrsla félagsins gefin út í þriðja sinn fyrir árið 2021. Er hún aðgengileg á vef félagsins.
- Jörðin Fannadalur var keypt í janúar og stefnt er að því að hefja skógrækt til kolefnisjöfnunnar.
- Vegna raforkuskerðingar til fiskimjölsverksmiðjanna brenndu verksmiðjunnar 5,3 milljónum lítra meira af olíu á vertíðinni.
- Siðareglur félagsins samþykktar í mars og eru aðgengilegar á vef félagsins.



# Staðan og framhaldið

- Vel hefur gengið að veiða kolmunna.
- Fiskimjölsverksmiðjurnar komnar yfir 200 þúsund tonn.
- Verð á afurðum er hátt í dag og eftirspurn mikil.
- Nú erum við að undirbúa makríl- og síldarvertíð.
- Samkomulag strandríkja um deilistofna er ekki í höfn. Vottanir dottnar út
- Förum ekki í Barentshafið Rússlandsmegin í ár.



# Framtíðin

- Kostnaður er að fara upp á flestum aðföngum.
- Olíuverð eru há og mikil óvissa þar, sumir ganga svo langt að spá skorti.
- Ákveðin óvissa ríkir um þróun íslensku krónunnar.
- Vaxtastig eru að hækka í heiminum og verðbólga víða að aukast.
- Við verðum að halda vöku okkar á flestum vígstöðvum, en getum verið bjartsýn fyrir hönd íslensks sjávarútvegs. Þar sem við erum að framleiða hágæða matvöru og prótein sem heimurinn þarfnast.





# Spurningar og Svör

# Fyrirvari

Fjárfestakynning þessi er útbúin af Síldarvinnslunni hf. Upplýsingarnar og gögn í kynningunni byggja á heimildum sem Síldarvinnslan telur áreiðanlegar á hverjum tíma. Síldarvinnslan ábyrgist ekki að upplýsingar og gögn sem birtast í kynningu þessari séu að öllu leyti réttar eða tæmandi. Staðhæfingar í kynningunni kunna að byggja á mati og áætlunum stjórnenda félagsins sem hafa ekki verið sannreyndar.

Rekstrarumhverfi sjávarútvegsfyrirtækja er síbreytilegt. Af hálfu Síldarvinnslunnar er engin trygging eða ábyrgð veitt fyrir því að þær spár eða fyrirætlanir sem lýst er í fjárfestakynningunni gangi eftir. Hvers konar yfirlýsingar í fjárfestakynningu þessari sem vísa til áætlaðra eða væntrar framtíðarafkomu eða starfsemi í framtíðinni eru lýsingar á framtíðarhorfum og háðar ýmsum óvissu- og áhættuþáttum sem gætu leitt til þess að raunveruleg útkoma getur verið mjög ólík þeirri þróun sem búist var við í veigamiklum atriðum.

Kynningunni er eingöngu ætlað að hafa upplýsingagildi og felur á engan hátt í sér og skal ekki teljast vera tilboð eða ráðlegging um kaup eða sölu fjármálagerna félagsins. Móttakandi kynningar er einn ábyrgur fyrir hvers konar fjárfestingarákvörðunum sem hann kann að taka á grundvelli þessarar kynningar.

Upplýsingarnar í fjárfestakynningu þessari kunna að breytast, vera endurskoðaðar, uppfærðar eða endurútgefnar og kunna því að breytast töluvert. Félagið er ekki skuldbundið til að uppfæra eða viðhalda upplýsingunum í fjárfestakynningu þessari nema það sé skylt lögum samkvæmt.

Með móttöku kynningar þessarar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.